Nd. **582. Breytingartillögur**

við frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Frá Áka Jakobssyni.

1. Við 29. gr.
   a. Í stað orðanna „nema ungmennadómur ákveði annað“ í fyrri málslið 4. mgr. komi: þar til hún ákveður annað.
   b. Síðari málsl. sömu mgr. orðist svo: Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða lögráðamanni hans að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.
2. Við 32. gr. 3. mgr. falli niður.
3. Við 38. gr.
   a. Í stað orðanna „barnaverndarráð eða ungmennadómur“ i 1. mgr. komi: eða barnaverndarráð.
   b. Á eftir orðinu „glapstigum“ í 2. mgr. komi: og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma.
4. Við 39. gr. Orðin „eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum skv. 29. og 62. gr.“ í 1. mgr. falli niður.
5. Við 40. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Rétt er barnaverndarnefnd að semja um greiðslu fyrir börn og ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögum þessum gegn meðlagi, og er þá viðkomandi bæjar- (sveitar-) sjóður skuldbundinn til greiðslunnar. Óheimilt er þó barnaverndarnefnd að semja um greiðslu fyrir lengri tíma en 6 mánuði í senn.
6. Við 47. gr. Upphaf 4. mgr. orðist svo: Takmarka má í reglugerð o. s. frv.
7. Við 61. gr.
   a. Orðin „eða ungmenni 16—18 ára er haldið annmarka, sem getur í 29. gr. þessara laga, en aðgerðir barnaverndarnefndar samkvæmt 32. gr. koma ekki að haldi eða eiga ekki við“ í 1. mgr. falli niður.
   b. Orðin „sbr. 38. gr.“ í sömu mgr. falli niður.
8. Við 62. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Rétt er ungmennadómi að úrskurða ungmenni, sem framið hefur lögbrot, til vistar á heimili, skóla, hæli eða uppeldisstofnun.
9. Við 63. gr. Greinin falli niður.
10. Við 64. gr. Greinin falli niður.